



Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. apríl 2019

Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um frumvarp til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum mál nr. 775.

Um 5. gr. frumvarpsins

Landssamband veiðifélaga telur að 5. gr. frumvarpsins þarfnist nánari skoðunar. Í b. og e. lið greinarinnar er mælt fyrir um matskylduákvarðanir Skipulagsstofnunar og sveitarstjórnar. Þar er kveðið á um að ákveði viðkomandi stjórnvald að framkvæmd sé ekki matskyld verði stjórnvaldinu heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar í matskylduákvörðun. Landssambandið telur eðlilegt að slík heimild verði lögfest til handa sveitarstjórn sem jafnan er þá leyfisveitandi líkt og ráðgert er í frumvarpinu en telur að fella skuli brott sömu heimild Skipulagsstofnunar í lið b.

Landssambandið vekur í þessu sambandi athygli umhverfisnefndar á máli nr. 43/2012 þar sem matskylduákvörðun Skipulagsstofnunar um 7.000 tonna laxeldi í Ísafjarðardjúpi var kærð til Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál. Skipulagsstofnun hafði tekið ákvörðun um að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í matskylduákvörðun setti Skipulagsstofnun skilyrði sem framkvæmdaraðila var gert að fylgja sem túlka mátti sem mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdarinnar. Taldi stofnunin að um faglega ábendingu til framkvæmdaraðila og leyfisveitenda væri að ræða, sem stofnunin taldi stuðla að því að árangur málsmeðferðar skili sér áfram til næsta stjórnisýslustigs, þegar sótt sé t.d. um starfsleyfi og rekstrarleyfi. Skipulagsstofnun hafi með þessu einungis tekið undir faglegar ábendingar umsagnaraðila um mótvægisáðgerðir í ákvörðun sinni.

Í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindanefndar er fjallað þennan þátt málsins með eftirfarandi hætti:

„Kemur hér og til að Skipulagsstofnun getur því aðeins mælt fyrir um mótvægisáðgerðir sem áhrif hafa að lögum að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Er óumdeilt í málinu að Skipulagsstofnun er hvorki heimilt að setja skilyrði né mæla fyrir um mótvægisáðgerðir í matskylduákvörðun og hafa ábendingar stofnunarinnar um slík efni enga lagalega þýðingu.“

Landssambandið telur að með því að lögfesta heimild Skipulagsstofnunar til handa, að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmda, sem stofnunin hefur jafnframt undanþegið umhverfismati, verði mörkin gerð óljós hvað varðar sjálfa ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda. Þannig virðast ábendingar stofnunarinnar um tilhögun framkvæmda

eiga að koma í stað umræðu í umhverfismati í þeim tilvikum sem framkvæmdir sem ekki eru háðar umhverfismati að ákvörðun Skipulagsstofnunar en geta þó haft neikvæð umhverfisáhrif. Með þessu ákvæði er því verið að veikja lög nr.106/2000 um mat á umhverfisáhrifum með því að setja sveigjanlegar reglur þegar Skipulagsstofnun hefur matskylduákvörðunina á hendi. Því telur Landssambandið réttara að viðhalda óbreyttum reglum þannig að Skipulagsstofnun hafi aðeins það verkefni að lögum að setja fram ábendingar til leyfisveitenda um tilhögun framkvæmdar eða mótvægisáðgerðir sem áhrif hafa að lögum í áliti sínu á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar líkt og mælt fram kemur í úrskurði nefndarinnar. Verkefni Skipulagsstofnunar á matskyldustigi verði því aðeins einskorðað við sjálfa matskylduákvörðunina.

Virðingarfyllst,

fh.

Landssambands veiðifélaga



Jón Helgi Björnsson,
formaður